

Reykjavík, 23. júlí 2010

Guðmundur Guðjónsson,
fulltrúi starfsmanna í verkfallsnefnd Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins


Með bréfi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna til launanevndar sveitarfélaga, dags. 5. júlí s.l., var tilkynnt um boðun vinnustöðvunar samkvæmt því sem nánar greinir í umræddu bréfi.

Fyrir liggja undanþágulistar vegna þeirra starfsmanna, sem heimild til verkfalls tekur ekki til, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. ennfremur ákvæði 2. mgr. sömu greinar. Á það skal bent að Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins er heimilt, að undangenginni ákvörðun undanþágunefndar, að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi, sbr. 20. gr. laga nr. 94/1986.

Á undanförunum árum hefur það verklag tíðkast hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins að starfsmenn hafi farsíma sem boðtæki svo unnt sé að ná sambandi við þá komi til þess að þeir verði skyndilega kallaðir út til starfa til að afstýra neyðarástandi. Það er afstaða undirritaðs að erfitt kummi að reynast að uppfylla þær skyldur, sem um ræðir við aðstæður verkfalls, nema starfsmenn hafi farsíma sem boðtæki sem stofnunin leggur þeim til. Á það við um skyldur sem lúta að því að afstýra neyðarástandi sem og að hrinda ákvörðunum undanþágunefndar í framkvæmd. Það er vert að hafa í huga að okkar skylda er að standa vörð um svæðið okkar og velferð þeirra sem þar búa, dvelja eða fara um. Það er því réttmæt krafa okkar skjólstæðinga að við sem fagmenn og aðilar sem standa vörð um öryggi þeirra gerum ekkert til að skerða okkar getu til að þjóna þeim á neyðarstundu þrátt fyrir að slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn standi í lögmætu verkfalli í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning en þó með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum.

Með vísan til framanritaðs er þeirri ósk beint til allra slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, sem starfa hjá SHS, að þeir séu með farsíma sem boðtæki á því tímabili sem verkfallsaðgerðir standa yfir til að uppfylla þær skyldur sem hvíla á okkar herðum nú sem aldrei áður.

Virðingarfyllst,



Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins